FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Grunnteikning 2
Námsgrein:	grunnteikning
Viðfangsefni:	Flatarteikning, fallmyndun, útflatningar
Skammstöfun:	GRTE2FÚ05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist áframhaldandi almenna þekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá meginþætti: flatarteikningu, fallmyndun og yfirborðsútflatninga og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist frekari færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, þjálfist í lestri og gerð vinnuteikninga, fríhendisrissteikninga, gerð flatarmynda og útflatninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum.
Forkröfur:	GRTE1FF05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • undirstöðuatriðum í flatarteikningu • undirstöðuatriðum rúmteikningar með tilliti til mismunandi sjónarhorna, raunstærða og útflatningsmynda • undirstöðuaðtriðum fríhendisteikningar
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • teikna rúmmyndir og útflatninga • notkun teikniáhalda • að skipta línum og hornum með bogaskurði • teikna einföld flatarfræðileg form og einfaldar tvívíðar myndir með teikni- og mæliáhöldum • teikna hornréttar fallmyndir ásamt sneiðskorningum af reglulegum rúmfræðilegum frumformum • fá fram raunstærðir á línum og flötum • teikna yfirborð útflatningsmynda af reglulegum rúmfræðilegum formum. • teikna fríhendis tvívíðar útlínumyndir með sjón- og blýantsmælingum
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • lesa vinnuteikningar • greina raunstærðir og teikna útflatningsmyndir • efla formskyn sitt • búa til einfaldar teikningar með hjálp teikniáhalda

	• teikna fríhendis einfaldar hjálparmyndir í vinnu og námi • leggja stund á fagbundið teiknínám eða annað fagnám
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.